



ANDY TAYLOR
Gítarleikari Duran Duran er 43 ára í dag.

Afmæli



Björn Thoroddsen gítarleikari er 46 ára í dag.



Vala Flosadóttir stangastökkvari er 26 ára í dag.

Andlát

Jón Baldur Baldursson, löggiltur rafverktaki, lést fimmtudaginn 29. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Kristjana Jósepsdóttir, Hvassaleiti 58, Reykjavík, lést föstudaginn 13. febrúar.
Anna Soffía Árnadóttir, Skólabraut 5, áður Unnarbraut 10, Seltjarnarnesi, er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Þorsteinn Þorgeirsson lést fimmtudaginn 5. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Jarðarfari

- 13.30 **Ólöf Erla Hjaltadóttir**, Borgargerði 9, Reykjavík, verður jarðsunga frá Bústaðakirkju.
- 14.00 **Sigurjón Jónsson**, fyrrverandi lögregluvarðstjóri, Neskaupstað, verður jarðsunga frá Norðfjarðarkirkju.
- 15.00 **Emilía Björnsdóttir**, Bæjargili 96, Garðabæ, verður jarðsunga frá Fossvogskirkju.
- 15.00 **Ráðhildur Ellertsdóttir**, Kriúási 15, áður Móabardi 30b, verður jarðsunga frá Hafnarfjarðarkirkju.

Þetta gerðist

- 1878 Silfurdollarinn er kynntur til sögunnar í Bandaríkjunum.
- 1923 Grafhýsi Tutankhamen faraós er opnað í Egyptalandi.



1963 Please, Please Me með Bítlumum nær toppsæti breskra vinsældalistans mánuði eftir útgáfu.
1994 200 manns farast þegar öflugur jarðskjálfti skekur eyjuna Súmötru í Indónesíu.

Flöskuskeytið var að bjórdósum

Árið 1958 fannst flöskuskeyti á Álftanesfjörum á Mýrum. Skeytið innihélt bækling frá Guinness-bjórverksmiðjunum þar sem finnanda þess var lofuð silfur-skeið ef hann skráði nafn sitt og heimilisfang á bæklinginn og kæmi honum aftur til framleiðandans.

Leifur Sveinsson lögfræðingur rifjaði upp söguna af skeytinu í Morgunblaðsgrein 8. febrúar og upplýsti að finnandinn hefði fengið skeiðina sína en sjálfur hefði hann hnotið um slagorðið „Guinness er góður fyrir þig“ í bæklingnum og hefði því sent

Bjór

LEIFUR SVEINSSON

■ Guinness-verksmiðjurnar gátu ekki fært honum bjórkassa fyrir 46 árum vegna innflutningsbanns. Ölgerðin gekk í málið á dögnum og kom ölinu til skila.

verksmiðjunni svar þess efnis að sér líkaði Carlsberg-bjór betur.

Forstjóri Guinness mun hafa tekið bréfinu fagnandi en svaraði að bragði að Leifur væri eitthvað að misskilja eðli bjórs. Leifur bauð þá Guinness að senda sér einn kassa af miðinum svo hann



LEIFUR SVEINSSON

Lárus Berg, framkvæmdastjóri hjá Ölgerðinni, afhendir Leifi bjórkassann, en þar sem Leifur geymir ekki áfengi í sínum húsum lætur hann ölið ganga beint til Hilmars Einarssonar hjá Morkinskinnu sem tekur fagnandi við.

gæti fullvissað sig um gæðin en fékk það svar að slíkt væri ómögulegt vegna banns á innflutningi bjórs til Íslands.

Leifur mundi eftir þessu vilryði á dögnum og hugsaði sér gott til glóðarinnar þar sem innflutningur á bjór hefur verið leyfður í tæp 15 ár. Hann fann þó

ekki gömlu bréfin og skoraði því á Ölgerðina að ganga í málið og standa skil á bjórkassanum sem hann hafði beðið eftir í 46 ár. Menn brugðust skjótt við á þeim bænnum og leiddu þetta gamla bjórmál farsælega til lykta með því að standa við orð þeirra Guinnessmanna. ■

Er kominn niður á jörðina

Ég var búinn að steinglyma því að ég ætti afmæli, enda nýkominn að utan,“ segir Guðjón Már Guðjónsson athafnamaður sem á afmæli í dag. Guðjón hefur ekki mikið sést í fjölmiðlum að undanförunu. Sjálfur segist hann hafa ákveðið að taka sér fri frá fjölmiðlum undanfarin þrjú ár og gengið í gegnum svokallaða fjölmiðlaafvötnun.

Sem kunnugt er var Guðjón Már áberandi vegna tengsla sinna við fyrirtækin Oz og Íslandssíma en bæði störfuðu á sviði fjarskipta. Íslandssími fór á almennan hlutabréfamarkaði og sameinadist að lokum Tali hf. Þá flutti Oz höfuðstöðvar sínar til Kanada eftir að hafa gengið í gegnum miklar hremmingar.

Guðjón er búsettur á Íslandi en segist ferðast töluvert. Í dag rekur hann fyrirtækið fjarskiptafyrirtækið Industria. „Ég hef verið að einbeita mér að lausnum sem tengjast breiðbandamarkaðinum. Fyrirtækið er um þessar mundir að skoða nokkur verk í Evrópu.“ Guðjón vildi ekki fara út í nein smáatriði og segir fyrri reynslu hafa kennt sér að láta verkin frekar tala.

„Ég er kominn niður á jörðina,“ segir hann og hlær. „Ég hef horft á nokkur fyrirtæki sem ég hef komið nálægt verða gjaldþrota. Önnur voru ættleidd eða sameinuðust öðrum fyrirtækjum. Ég hef haft nokkra ánægju af því að fylgjast með börnunum mínum. Ég hef alls ekki látið deigan síga enda jákvæður maður að eðlisfari. Um þessar mundir er ég að hlúa að nýjum börnum og horfi fram á veginn. Vissulega nýti ég mér reynsluna sem ég hef öðlast og forðast að gera sömu mistök og áður.“

Afmæli

GUÐJÓN MÁR GUÐJÓNSSON

■ athafnamaður er 32 ára í dag.



GUÐJÓN MÁR GUÐJÓNSSON

Guðjón er búsettur á Íslandi en segist ferðast töluvert mikið. Í dag rekur hann fjarskiptafyrirtækið Industria. „Ég hef verið að einbeita mér að lausnum sem tengjast breiðbandamarkaðinum.“

Guðjón segist helsta áhugamál sitt að sinna fjölskyldu sinni og vinum. Hann er í sambúð og á einn son, þrjúgjá og hálfis árs. „Fjölskyldan er eitt það mikilvægasta þegar farið er í gegnum erfiða tíma. Hún hjálpar manni að setja hlutina í rétt samhengi.“ Guðjón segist lukkulegur með hversu góða vini hann eigi. „Ég hef alltaf verið haldinn hálfgerðu ofsóknaræði um slíka hluti. Þess vegna átti ég erfitt með að búa í Kaliforníu þar sem allir þykjast vera vinir þínir. Þar ríkti mikil yfirborðsmennska og þess vegna líður mér vel á Íslandi. Hér ríkir holl og góð hreinskilni sem menn verða að kunna að meðhöndla.“ ■

Castró tekur völdin

Fidel Castró reyndi að berjast gegn herforingjastjórninni á Kúbu með friðsamlegum leiðum en þegar þau ráð þraut skipulagði hann byltingu. Hann réðist til atlögu 2. desember árið 1956 með 82 manna liði sem var sallað niður þar til einungis 12 stóðu eftir.



FIDEL CASTRÓ

Lét skakkaföll og mannfall ekki á sig fá og hætti ekki fyrir en hann náði völdum á Kúbu.

16. febrúar 1959

FÍDEL CASTRÓ

■ Verður opiber leiðtogi Kúbu eftir að hafa náð völdum af Fulgencio Batista.

Castró var þó ekki af baki dottinn og hélt til fjalla með þeim sem eftir lifðu og þaðan gerði hópurinn linnulausar skærurásir. Þeim óx ásmegin jafnt og þétt og voru komnir með 800 manna lið þegar upp var staðið.

Herleiðangrar þeirra skiluðu góðum árangri og svo fór að lokum að Batista gafst upp og flúði land á fyrsta degi ársins 1959. Castró og hans menn óku því sigursælir inn í höfuðborgina Havana og tæpum tveimur mánuðum síðar hafði byltingarforinginn öll ráð í hendi sér. ■



TILVERAN Á HAUS Það er ekki allt sem sýnist þegar heimurinn er skoðaður með augum Ólafs Eliassonar, myndlistarmanns og þeir sem ganga inn í þann heim sem hann hefur skapað í Hafnarhúsinu vita ekki alltaf hvað snýr upp eða niður.